



Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnararráðherra
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Reykjavík 10. maí 2011

Samtök ferðapjónustunnar og Hvalaskoðunarsamtökin harma þá alvarlegu árekstra sem hafa orðið milli hvalaskoðunar- og hvalveiðimanna á undanförunum árum. Þrátt fyrir fyrirheit sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að koma í veg fyrir árekstra þessara tveggja atvinnugreina virðist ekkert lát vera á. Laugardaginn 30. apríl s.l. bárust fréttir af afskiptum Landhelgisgæslunnar af hrefnuveiðibátnum Hrafnreyði. Skipverjarnir voru þá staðnir að verki við vinnslu á tveimur hrefnum innan afmarkaðs hvalaskoðunarsvæðis (sjá meðfylgjandi mynd). Vinnslan felst í því að skera bestu bitana af hrefnunni (innan við 20% af dýrinu) og fleygja síðan hræinu í sjóinn.

Talsmenn Hrefnuveiðimanna ehf. neituðu að hafa skotið hrefnurnar innan hvalaskoðunarsvæðisins en gögn úr AIS staðsetningarkerfinu segja aðra sögu (sjá meðfylgjandi mynd). Eins og sjá má á myndinni var báturinn Hrafnreyður hringsólandi um svæðið innan línunnar allan morguninn og einungis 5 mínútur fyrir utan það. Mjög ólíklegt er að þeim hafi tekist að skjóta dýrin á þeim tíma.

Engin dæmi eru til um að hvalveiðar og hvalaskoðun fari saman, hvorki í Noregi né annars staðar þó svo öðru hafi verið haldið fram. Í greinagerð Hafrannsóknastofnunar, að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 18. febrúar 2009, er skýrt kveðið á um mikilvægi þess að afmarka svæði þar sem hvalveiðar, jafnt sem hvalskurður á sjó, verði með öllu óheimilar (Hafrannsóknastofnun, 2009). Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leit á þessa afmörkun á sínum tíma sem mikilvægt skref til þess að koma í veg fyrir árekstra þessa tveggja atvinnugreina.

Samtök ferðapjónustunnar og Hvalaskoðunarsamtökin tóku undir með ráðherra en mótmæltu þó að í stað þess að fara bil beggja, líkt og venja er þegar ágreiningur skapast í viðkvæmum málum sem þessu, voru afmörkuð mjög þröng svæði fyrir hvalaskoðun með reglugerð frá 30. apríl 2009.

Hrefnur hafa frá upphafi verið uppistaðan í starfsemi hvalaskoðunarfyrirtækja hér við land og hrefnurannsóknir á svæðinu sýna að það eru sömu dýrin sem sækja á svæðið ár eftir ár. Forstöðumenn hvalaskoðunarfyrirtækjanna í Reykjavík hafa því miklar áhyggjur af þróun síðustu ára en nær allar hrefnuveiðar fara nú fram á Faxaflóanum, þ.e. rétt við og nú augljóslega á hvalaskoðunarsvæðunum. Það er óumdeilt að hrefna sem er skotin verður ekki til sýnis auk þess sem augljóst er að þær hrefnur, sem verða fyrir áreiti veiðimanna, styggjast. Því má líta á hrefnuveiðar, sér í lagi veiðarnar innan og við hvalaskoðunarsvæðið, sem beina ógn við



starfsemi hvalaskoðunarfyrrtækja á svæðinu. Þróunin hefur verið þannig síðustu árin að færri og færri dýr sjást í hverri ferð og er erfiðara að nálgast þau en áður.

Árið 2010 fóru ca. 115.000 ferðamenn í hvalaskoðun á Íslandi u.þ.b. helmingur þeirra hér fyrir sunnan. Er það 10% fækkun frá fyrra ári.

Enn og aftur skora Samtök ferðaþjónustunnar og Hvalaskoðunarsamtökin á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurmeta stöðuna og banna allar hvalveiðar og hvalskurð á Faxaflóa. Sama gildir um friðun annarra svæða að þær eru alltof þröngar. Samtökin benda á 65. grein stjórnarskrárinnar þar sem segir að stjórnvöldum beri að gæta jafnræðis í starfsskilyrðum atvinnuvega en í þessu tilfelli ógnar hrefnuveiðin tilvist hvalaskoðunarinnar.

Fulltrúar samtakanna óska eftir fundi með þér, hr. ráðherra, sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. Hvalaskoðunarsamtaka Íslands

Meðfylgjandi: Mynd af afmörkuðu svæði og ferðum Hrafnreyðar að morgni 30. apríl 2011.